Starfsáætlun

Kóraskóli 2026 -2027



Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Efnisyfirlit

Inngangur 4
1. Hagnýtar upplýsingar 4
Opnunartími skólans 6
Húsnæði skólans 6
Nesti 7
Námsgögn 7
Óskilamunir 8
Forföll nemenda 8
Forföll kennara 8
Leyfi frá skóla 9
2. Stjórnskipulag skólans og skipurit 10
Starfsfólk Kóraskóla 2026 - 2027 11
3. Skóladagatal og skýringar á útfærslu skólans 12
4. Tilhögun kennslu 13
Teymiskennsla 14
Hæfnimiðað nám 16
Leiðsagnarnám 16
Námsmat 17
Kennsla nemenda með annað tungumál en íslensku, MOT 18
Heimanám 18
Frímínútur 19
5. Starfsáætlun nemenda 19
Val nemenda 20
Samstarf við aðila utan skólans 20
Samstarf við framhaldsskóla 20
Samstarf við ýmsa aðila í nærsamfélaginu 21
6. Skólabragur/skólareglur 21
Viðmið vegna ófullnægjandi skólasóknar 22
7. Skólaráð, foreldrafélag og nemendaráð 24
Skólaráð 24
Nemendaráð/unglingaráð Kúlunnar 25
8. Foreldrasamstarf 26

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Upplýsingamiðlun til foreldra 26
Samskipti foreldra og kennara í Kóraskóla 26
9. Viðfangsefni innra mats 29
Hvað er símenntun 30
Leiðir til starfsþróunar 31
Ferli við gerð starfsþróunaráætlunar 32
Helstu áherslur og markmið veturinn 2026-2027 32
Yfirlit yfir starfsþróun og endurmenntun 2026-2027 33
10.Upplýsingar um stoðþjónustu 33
Nemendaverndarráð 34
Umsjónarkennarar 34
Faggreinakennarar 35
Stoðkennarar 36
Stuðningsfulltrúar 37
Sálfræðingur 38
Námsráðgjöf 39
Skólaheilsugæsla 39
Sérkennsla 41
Teymi 42
Ákvörðun um sérúrræði 43
11.Upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf 43
12.Símenntunaráætlun 44
13.Rýmingaráætlun og viðbrögð við vá 45
Framkvæmd rýmingar 46
Veikindafaraldrar 47
Óveður 47
Viðbrögð við eldgosum 47
Viðbrögð við jarðskjálftum 47
14.Skólaakstur og skólamáltíðir 48
Skólaakstur 48
Mötuneyti 48
15. Annað sem varðar starfsemi skólans skólaárið 2026 -2027 49

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Inngangur

Samkvæmt 29. gr. laga um grunnskóla ber hverjum grunnskóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri ber ábyrgð á gerð þessara skjala og skal vinna þau í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á Aðalnámskrá grunnskóla og kveður meðal annars á um markmið skólastarfs, inntak náms, námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Hún tekur mið af sérstöðu skólans og þeim aðstæðum sem þar ríkja og skal endurskoðuð reglulega.

Starfsáætlun Kóraskóla er upplýsingarit um starfsemi skólans og er jafnframt hluti af skólanámskrá hans. Í starfsáætluninni er gerð grein fyrir helstu áherslum, markmiðum og viðburðum skólaársins. Þar koma einnig fram þær venjur, reglur og starfsvenjur sem einkenna skólastarfið. Starfsáætlun Kóraskóla er uppfærð árlega að hausti, lögð fyrir skólaráð til umsagnar og samþykktar og að því loknu send menntasviði Kópavogsbæjar fyrir 1. október ár hvert. Að lokinni samþykkt er starfsáætlunin birt á heimasíðu skólans.

Starfsáætlun Kóraskóla skólaárið 2026-2027 var lögð fyrir skólaráð í október 2026 og samþykkt án athugasemda.

1. Hagnýtar upplýsingar

Kóraskóli tók til starfa haustið 2023, en var áður hluti af Hörðuvallaskóla sem hóf starfsemi sína haustið 2006.

Skólinn er staðsettur í efri byggðum Kópavogs og er húsnæði hans hluti af íþróttamannvirkinu Kórnum. Kennslustofur skólans eru á tveimur hæðum hússins og fer íþróttakennsla fram í íþróttasölum Kórsins. Nemendur sækja sundkennslu í Salalaug og sundlaug DAS í Boðaþingi. Þá fara nemendur jafnframt í list- og verkgreinakennslu í húsnæði Hörðuvallaskóla.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Á skólaárinu 2026-2027 stunda 229 nemendur nám við Kóraskóla í þremur bekkjardeildum 8., 9. og 10. árgangs. Starfsmenn skólans eru 45 talsins, í hlutastörfum og fullum störfum.

Skólasetning skólaársins 2026-2027 fer fram 25. ágúst 2026 og skólaslit verða 9. júní 2027. Skólaslit 10. árgangs verða 8. júní 2027.

Leiðarljós Kóraskóla eru teymiskennsla, leiðsagnarnám, samþætting námsgreina og hæfnimiðað nám sem tekur mið af þörfum og styrkleikum hvers nemanda. Lögð er áhersla á að skapa jákvætt og styðjandi námsumhverfi þar sem allir nemendur fá tækifæri til að vaxa og dafna.

Skólastjóri Kóraskóla er Inga Sigurðardóttir.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Kóraskóli, Vallarkór 12, 203 Kópavogur

Símanúmer skólans: 441 4400

Skólastjóri: Inga Sigurðardóttir

Aðstoðarskólastjóri: Guðlaug Árnadóttir

Deildarstjóri: Margrét Erla Björnsdóttir

Forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Kúlunnar: Sindri Már Ágústsson/Ólöf Helga Hilmarsdóttir

Húsvörður: Kristinn V Harðarson

Heimasíðu Kóraskóla er að finna á vefslóðinni www.koraskoli.is. Þar má finna upplýsingar um skólastarfið, tilkynningar frá skólanum, skóladagatal, fréttir, ýmsar áætlanir, eyðublöð, myndir úr skólalífinu o.fl..

Opnunartími skólans

Skrifstofa Kóraskóla er opin frá kl. 07:45 til 15:30 mánudaga til fimmtudaga og frá kl. 07:45 til 14:15 á föstudögum. Skólaritari er Maya Marinova Angelova.

Öll eyðublöð skólans eru aðgengileg hjá skólaritara. Á heimasíðu skólans má einnig finna hlekk á umsókn um leyfi sem varir lengur en tvo daga.

Tilkynningar um leyfi í einstaka kennslustundum og skráningar vegna skyndilegra veikinda fara fram í gegnum Mentor. Umsóknir um leyfi sem vara lengur en tvo daga eru sendar í gegnum Island.is og tengjast skráningarkerfinu OneSystems.

Forsjáraðilar eru hvattir til að tilkynna veikindi og sækja um leyfi með góðum fyrirvara þegar því verður við komið.

Skráning í skólamat fer fram í gegnum þjónustugátt á vef Kópavogsbæjar. Í þjónustugáttinni eru einnig upplýsingar til forsjáraðila varðandi bilanir og skemmdir á spjaldtölvum nemenda.

Húsnæði skólans

Kóraskóli starfar í húsnæði að Vallakór 12 á tveimur hæðum. Nemendur sækja list- og verkgreinakennslu í húsnæði Hörðuvallaskóla við Baugakór 28.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Íþróttakennsla fer fram í húsnæði HK en sundkennsla fer fram í Salalaug í Versölum og sundlaug Dvalarheimilis aldraða í Kópavogi (DAS) í Boðaþingi.

Valgreinar eru að mestu kenndar í húsnæði Kóraskóla og í sérgreinastofum Hörðuvallaskóla. Auk þess sækja nemendur kennslu og verkefni hjá samstarfsaðilum utan skólans, meðal annars í Arena, Tækniskólanum og Verzlunarskóla Íslands.

Bókasafn skólans var flutt og stækkað á haustmisseri. Samhliða flutningunum hefur bókakostur verið yfirfarinn og endurnýjaður eftir föngum. Jafnframt hefur tækjabúnaður safnsins verið endurnýjaður til að bæta aðstöðu nemenda og starfsfólks til náms, lesturs og upplýsingaleitar.

Nesti

Mikilvægt er að nemendur borði hollan og staðgóðan morgunmat áður en þeir mæta í skólann. Í Kóraskóla er boðið upp á hafragraut í morgunfrímínútum alla virka daga nema á mánudögum.

Kóraskóli leggur áherslu á heilbrigt mataræði og hvetur nemendur til að koma með ávexti og grænmeti í nesti og drekka vatn með máltíðum sínum. Forsjáraðilar geta jafnframt sent börn sín með annað hollt og næringarríkt nesti eftir eigin vali.

Í anda sjálfbærni og umhverfisvitundar eru nemendur hvattir til að koma með nesti í fjölnota umbúðum. Nemendur sem nota einnota umbúðir eru hvattir til að taka þær með sér heim til flokkunar og förgunar.

Hafa ber í huga að skólinn er hnetulaus.

Námsgögn

Kóraskóla er árlega úthlutað fjármagni til kaupa á námsbókum og öðrum námsgögnum sem nýtt eru til náms og kennslu. Flestar námsbækur eru eign skólans og skulu nemendur skila þeim í lok skólaárs. Undanskildar eru verkefnabækur og önnur gögn sem nemendur vinna beint í og halda eftir.

Skólinn útvegar nemendum þau námsgögn sem þeir þurfa til daglegrar vinnu í skólanum, svo sem ritföng, stílabækur, pappír og önnur kennslugögn. Nemendur eru hvattir til að fara vel með námsgögnin þar sem þau eru sameiginleg auðlind og ekki til í ótakmörkuðu magni.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Í upphafi skólaárs fá allir nemendur afhent pennaveski með þeim ritföngum sem þeir þurfa til námsins. Fyllt er á pennaveskin í nóvember og aftur í febrúar eftir þörfum.
Allir nemendur skólans hafa jafnframt aðgang að spjaldtölvu til nota í námi. Spjaldtölvan er fyrst og fremst námstæki og er ætlast til að nemendur noti hana á ábyrgan hátt og komi með hana fullhlaðna í skólann á hverjum degi.

Nánari upplýsingar um spjaldtölvuverkefni Kópavogsbæjar má finna á vef verkefnisins: http://spjaldtolvur.kopavogur.is/

Óskilamunir

Húsvörður og ritari skólans annast vörslu óskilamuna. Nemendur og forsjáraðilar eru hvatir til að merkja fatnað og aðra muni sem notaðir eru í skólanum, sérstaklega yfirhafnir, skó, íþróttafatnað og önnur verðmæti.
Ef munir týnast eru nemendur og forsjáraðilar hvattir til að hafa samband við húsvörð eða ritara eins fljótt og auðið er. Með því aukast líkurnar á að óskilamunir skili sér til réttra eigenda.

Fatnaður og aðrir óskilamunir sem ekki er vitjað um fyrir lok skólaárs eru afhentir hjálpar- eða líknarstofnunum.

Forföll nemenda

Forráðamenn tilkynna forföll nemenda fyrir upphaf hvers skóladags í gegnum Mentor appið, á heimsíðu Mentor, www.mentor.is eða til ritara í síma 441-4400.

Forföll kennara

Þegar kennarar forfallast er leitast við að fá forfallakennara í þeirra stað. Takist það ekki getur komið upp sú staða að breyta þurfi stundaskrá nemenda tímabundið. Í slíkum tilvikum geta nemendur fengið lausar kennslustundir (göt í stundatöflu) eða, þegar það á við, verið sendir heim fyrr en áætlað var.

Skólinn leitast ávallt við að lágmarka rask á námi og tryggja eins og kostur er samfellu í skólastarfinu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026


Leyfi frá skóla

Ef nemandi þarf að fá leyfi frá einstaka kennslustund skulu forsjáraðilar hafa samband við ritara skólans.
Sé óskað eftir leyfi í meira en tvo daga þarf að sækja um leyfið með því að fylla út umsókn á Island.is sem tengist OneSystems. Umsóknir um leyfi skulu berast með góðum fyrirvara þegar því verður við komið.
Forsjáraðilar bera ábyrgð á því að nemandi vinni upp það námsefni og þau verkefni sem hann kann að missa af vegna leyfis. Nemanda ber jafnframt að skila verkefnum og sinna námi sínu í samráði við kennara eftir því sem við á.

Í þessu sambandi er vísað til viðmiðunarreglna Kópavogsbæjar um viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn. Reglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11 2026

2. Stjórnskipulag skólans og skipurit



Samkvæmt lögum um grunnskóla ber skólastjóri ber ábyrgð á skólastarfi í Kóraskóla. Næsti yfirmaður skólastjóra er sviðsstjóri menntasviðs Kópavogs. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra. Undir stoðkerfi skólans m.a. falla sérkennarar, stuðningsfulltrúar, námsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur, sálfræðingur og talmeinafræðingur. Í Kóraskóla vinna 45 manns, 4 eru í leyfum skólaári 2026 – 2027.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Starfsfólk Kóraskóla 2026 - 2027	Starfsheiti
Auður Baldursdóttir	Stuðningsfulltrúi
Amanda Mist Pálsdóttir	Í fæðingarorlofi
Anabel Colina S. De La Maza	Stuðningsfulltrúi
Ari Jóhannsson	UT kennari
Ágúst Ólafsson	Tónmenntakennari
Ágústa Ruth Arhrens Georgsdóttir	Grunnskólakennari
Árnína Björt Heimisdóttir	Grunnskólakennari
Birta Rún Jóhannsdóttir	Í leyfi
Björg Ýr Grétarsdóttir	Námsráðgjafi
Cam Bao Yen Doung	Skólaliði
Cynthia Crawford	Grunnskólakennari
Elsa Sigrún Elísdóttir	Umsjónarkennari
Elva Dröfn Árnadóttir	Umsjónarkennari
Fjóla Dröfn Friðriksdóttir	Grunnskólakennari
Flóra Baldvinsdóttir	Í fæðingarorlofi
Gunnhildur Emilsdóttir	Leiðbeinandi
Guðlaug Árnadóttir	Aðstoðarskólastjóri
Halla Hrund Arnardóttir	Hjúkrunarfræðingur
Hannes Birgir Hjámarsson	Grunnskólakennari
Hjördís Ýr Sveinsdóttir	Í leyfi
Hólmfríður Ólöf Ásmundsdóttir	Grunnskólakennari
Inga Sigurðardóttir	Skólastjóri
Inga Vigdís Baldursdóttir	Grunnskólakennari
Ingi Örn Jónsson	Umsjónarkennari
Ingibjörg Heiðdal Friðriksdóttir	Stuðningsfulltrúi
Jóhanna Kristín Hauksdóttir	Grunnskólakennari/bókasafn
Karl Jóhann Jónsson	Sjónlistakennari
Kristinn V Harðarson	Húsvörður
Kristján Ottó Hjálmsson	Íþróttaleiðbeinandi
Lilja Dröfn Bjarnadóttir	Umsjónarkennari
Lilja Magnúsdóttir	Sálfræðingur
Margrét Erla Björnsdóttir	Deildarstjóri
Margrét Ósk Erlingsdóttir	Umsjónarkennari
Maya Marinova Angelova	Skólaritari
Milica Andrea Stojanovic	Matreiðslumaður
Ólöf Helga Hilmarsdóttir	Forstöðumaður Kúlunnar
Rán Árnadóttir	Heimilisfræðikennari
Sindri Már Ágústsson	Í fæðingarorlofi
Sveinn Sveinsson	Leiðbeinandi
Tanja Rut Hermansen	Umsjónarkennari
Telma Sveinbjarnardóttir	Umsjónarkennari
Thi Luyen Vu	Skólaliði
Úlfhildur Jónasdóttir	Grunnskólakennari
Viktor Abdullah Fikrason	Aðstoðarfors Kúlunnar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026


Þórdís Idda Ólafsdóttir	Stuðningsfulltrúi

3. Skóladagatal og skýringar á útfærslu skólans

Skóladagar nemenda eru 180 samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Þar af eru 10 skertir dagar þar sem nemendur mæta aðeins hluta úr skóladegi.
Skertir dagar eru merktir sérstaklega á skóladagatali með bleikum lit.
Vetrarleyfi eru tvö á skólaárinu, dagana 22. og 23. október annars vegar og 22. og 23. febrúar hins vegar.
Jólaleyfi stendur frá 20. desember til og með 4. janúar. Páskaleyfi er frá 19. mars til og með 29. mars.
Auk þess eru fimm skipulagsdagar starfsfólks á skólatíma nemenda. Nemendur mæta því ekki í skóla dagana 26. október, 11. nóvember, 4. janúar, 9. mars og 7. maí.
Skólaslit fara fram 8. júní hjá nemendum í 10. bekk en 9. júní hjá nemendum í 8. og 9. bekk.

Nánari upplýsingar um skóladaga, leyfi og aðra viðburði má finna í skóladagatali skólans.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026



4. Tilhögun kennslu

Kennarar Kóraskóla skipuleggja skólastarfið í samræmi við skólanámskrá skólans og Aðalnámskrá grunnskóla. Í Kóraskóla er lögð áhersla á að gera nemendur meðvitaða um eigið nám með því að veita þeim skýrar upplýsingar um námsmarkmið, hæfniviðmið, námsmat, tíma og þau úrræði sem þeim standa til boða.

Mikilvægt er að bæði nemendur og forsjáraðilar hafi aðgang að skýrum upplýsingum um markmið námsins, námsleiðir og námsmat hverju sinni. Því eru námsáætlanir gerðar aðgengilegar fyrir nemendur og forsjáraðila á heimasíðu skólans og í Mentor. Jafnframt hafa nemendur aðgang að námsáætlunum, námsefni og verkefnum á sínum rafrænu skólasvæðum í gegnum Google Classroom. Þar fer einnig fram miðlun verkefna, kennsluefnis og upplýsinga um námsmat. Forsjáraðilar geta ávallt haft samband við viðkomandi kennara og óskað eftir frekari upplýsingum eða afriti af námsáætlunum barna sinna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Nám og kennsla í Kóraskóla einkennast af markvissum og áhugaverðum verkefnum þar sem áhersla er lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir. Markmiðið er meðal annars að efla sjálfstæð vinnubrögð nemenda, styrkja ábyrgð þeirra á eigin námi og auka hæfni þeirra til samvinnu og samskipta. Nemendur eru hvattir til að taka virkan þátt í námsferlinu og þróa með sér færni sem nýtist þeim bæði í námi og daglegu lífi.

Skipulag náms byggist annars vegar á faggreinakennslu þar sem áhersla er lögð á að byggja upp trausta grunnþekkingu í einstökum námsgreinum og hins vegar á Þeytingi þar sem unnið er með samþættingu námsgreina, þverfagleg verkefni og fjölbreyttar kennsluaðferðir. Með þessu fyrirkomulagi er leitast við að skapa samhengi í námi nemenda og efla skilning þeirra á tengslum milli námsgreina.

Leiðsagnarmat er rauður þráður í öllu skólastarfi. Nemendur fá reglulega tækifæri til að ígrunda eigið nám, setja sér markmið og taka þátt í samtali um námsframvindu sína. Þeir vita að hverju er stefnt hverju sinni og fá markvissa endurgjöf og stuðning frá kennurum á leiðinni. Með þessum hætti eru nemendur hvattir til að taka aukna ábyrgð á eigin námi, nýta styrkleika sína og vinna markvisst að því að efla hæfni sína og ná árangri.

Teymiskennsla

Í Kóraskóla starfa kennarar í teymum utan um hvern árgang og bera sameiginlega ábyrgð á nemendahópnum. Hvert teymi samanstendur af umsjónarkennurum árgangsins, stoðkennurum og stuðningsfulltrúum eftir þörfum. Innan hvers teymis er jafnframt tengiliður farsældar sem hefur umsjón með þeim málum sem falla undir farsældarstarf árgangsins.

Kennarar í árgangsteyminu vinna náið saman að skipulagningu náms, kennslu og mati. Þeir bera sameiginlega ábyrgð á velferð og námi nemenda og kenna að hluta eða öllu leyti saman. Þetta skipulag stuðlar að auknum sveigjanleika í kennslu og gerir kleift að skipta nemendum í fjölbreytta hópa eftir viðfangsefnum, áhugasviðum eða námsþörfum hverju sinni. Nemendum gefst þannig tækifæri til að vinna með ólíkum einstaklingum innan árgangsins og kynnast vel öllum jafningjum sínum. Markmiðið er að efla félagsþroska, félagsfærni og samkennd ásamt því að skapa fjölbreytt tækifæri til samvinnu og samskipta.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Með þessum hætti læra nemendur að vinna saman að mismunandi verkefnum, bera ábyrgð á sameiginlegum verkefnum og virða styrkleika hvers annars.

Kostir teymiskennslu og teymisvinnu eru fjölmargir og reynsla þeirra skóla sem hafa innleitt slíka starfshætti hefur almennt verið mjög jákvæð. Samvinna kennara leiðir til fjölbreyttari nálgunar á nám og kennslu þar sem ólík þekking, reynsla og styrkleikar starfsfólks nýtast í þágu nemenda. Sameiginleg ábyrgð á nemendahópi styrkir bæði nemendur og kennara. Nemendur njóta góðs af því að fleiri en einn kennari þekki vel til náms þeirra og líðan, á meðan kennarar fá aukinn faglegan stuðning og tækifæri til að ræða kennsluhætti, skipulag og lausnir á áskorunum í starfi. Slíkt faglegt samtal er mikilvægur þáttur í þróun skólastarfs og stuðlar að auknum gæðum kennslu.

Teymiskennsla eykur jafnframt sveigjanleika í námi og styður betur við einstaklingsmiðaða kennslu. Hún gerir kleift að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda á markvissari hátt og skapa aðstæður þar sem styrkleikar bæði nemenda og starfsfólks fá að njóta sín.

Helstu kostir teymiskennslu eru:

- Sameiginleg ábyrgð á nemendum og námi þeirra.
- Aukinn faglegur stuðningur og samstarf kennara.
- Meiri sveigjanleiki í skipulagi náms og kennslu.
- Betri möguleikar til einstaklingsmiðunar.
- Fjölbreyttari kennsluhættir og námsumhverfi.
- Sterkara faglegt samtal og skólaþróun.
- Minni líkur á faglegri einangrun kennara.

Til að teymiskennsla verði árangursrík er mikilvægt að gagnkvæmt traust, virðing og fagmennska einkenni samstarfið. Einnig þarf að tryggja að allar raddir innan teymisins fái hljómgrunn og að þekking, reynsla og styrkleikar hvers og eins nýtist í þágu nemenda og skólasamfélagsins í heild.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Hæfnimiðað nám

Í Kóraskóla er lögð áhersla á hæfnimiðað þemanám, svokallaðan Þeyting, samhliða faggreinakennslu þar sem byggð er upp traust grunnþekking í hverri námsgrein. Þeytingur felur í sér samþættingu bóklegra greina, áherslu á hæfniþætti einstakra faggreina og markvissa notkun leiðsagnarmats. Þannig er Þeytingur jafnframt leið skólans til að innleiða og uppfylla markmið Aðalnámskrár grunnskóla um gagnrýna og sjálfstæða hugsun, ábyrgð nemenda á eigin námi, sköpun, samvinnu og aðra þætti sem tengjast hæfni til þátttöku í samfélagi 21. aldarinnar.

Á þessum grunni hefur skólinn þróað starfshætti sem byggja á teymiskennslu, lausnaleitarnámi (e. Problem Based Learning), verkefnamiðuðu námi (e. Project Based Learning) og leiðsagnarmati (e. Formative Assessment). Markmiðið er að skapa námsumhverfi þar sem nemendur taka virkan þátt í eigin námi, fá reglulega endurgjöf og hafa skýran skilning á markmiðum og námsframvindu sinni.

Starf Kóraskóla einkennist af því að nemendur fá tækifæri til að rækta styrkleika sína, sýna frumkvæði og láta rödd sína heyrast. Skólinn leggur áherslu á að útskrifa ábyrga, sjálfstæða, sjálfsörugga og samskiptahæfa einstaklinga sem geta tjáð skoðanir sínar, rökstutt þær og tekið þátt í lýðræðislegu samfélagi.

Bættur námsárangur allra nemenda er eitt af meginmarkmiðum þessara starfshátta. Nemendum er veitt aukið umboð og ábyrgð í eigin námi og námsmati en hefðbundið hefur tíðkast. Með fjölbreyttum kennsluaðferðum og samþættingu námsgreina leitast skólinn við að undirbúa nemendur fyrir síbreytilega framtíð þar sem hæfni til samvinnu, skapandi hugsunar, lausnaleitar og sjálfstæðra vinnubragða verður sífellt mikilvægari. Rannsóknir benda til að aukin þátttaka nemenda í eigin námi og námsmati hafi jákvæð áhrif á námsárangur, ábyrgðartilfinningu og námsáhuga.

Leiðsagnarnám

Í Aðalnámskrá grunnskóla 2011 kemur fram að kennarar eigi að styðja börn og ungmenni í að þróa með sér raunhæft sjálfsmat, gera þeim grein fyrir markmiðum námsins og hvernig þeim miðar í átt að þeim markmiðum. Áhersla er lögð á leiðsagnarmat þar sem nemendur ígrunda

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

nám sitt reglulega í samráði við kennara sína, meta stöðu sína og ákveða næstu skref í náminu. Jafnframt þurfa nemendur að vita hvaða viðmið liggja til grundvallar matinu og hvernig árangur þeirra er metinn.

Af þessu má ráða að meginmarkmið leiðsagnarmats sé að vald efla nemendur og efla hæfni þeirra til að bera ábyrgð á eigin námi. Til þess þurfa þeir að þekkja og skilja markmið námsins ásamt því að njóta leiðsagnar kennara og annars starfsfólks skólans við að ná þeim.

Leiðsagnarmat byggir á fimm stoðum sem saman stuðla að jákvæðri námsmenningu þar sem mistök eru nýtt sem tækifæri til náms og framfara, markmið og árangursviðmið eru skýr og skipulag námsins byggist á samræðu og virkri þátttöku nemenda. Nemendur fá þannig reglulega tækifæri til að tjá sig um eigið nám, veita og þiggja endurgjöf og taka upplýstar ákvarðanir um næstu skref í námsferlinu. Saman stuðla þessir þættir að aukinni ábyrgð, sjálfstæði og virkni nemenda í námi og auka líkurnar á að þeir nái þeim markmiðum sem þeir stefna að.

Námsmat

Námsmat felst annars vegar í því að gera nemendum ljós markmið námsins og hvaða kröfur eru gerðar til þeirra sem og að veita þeim endurgjöf sem hvetur þá til að nýta hæfileika sína og styrk til fullnustu, leiðsagnarmat. Hins vegar felst námsmatið í því að meta stöðu nemenda í lok ákveðins tímabils, lokamat. Í Kóraskóla fer námsmat fram jafnt og þétt á námstíma nemenda og er órjúfanlegur hluti náms og kennslu. Hæfniviðmið Aðalnámskrár liggja til grundvallar öllu námsmati, bæði á námssviðunum átta og í lykilhæfni. Áhersla er lögð á fjölbreyttar matsaðferðir sem henta til námsmats á þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar hverju sinni og í samræmi við kennslutilhögun. Símat, sjálfsmat og jafningjamat er hluti af námsmati skólans og skrifleg próf þegar það á við.
Hæfniviðmið aðalnámskrár grunnskóla eru lögð til grundvallar við lokamat nemenda í 10. bekk. Hæfniviðmið eru sett í forgang í hverjum flokki greinasviðs og skilgreint er vægi hvers flokks. Við útreikning lokamats námstímabils er vægið reiknað og einkunn gefin í tölustöfum skv. matskvarðanum 4 -10. Með því að skilgreina vægi flokka hvers greinasviðs sést hvað býr að baki þeirri tölu sem lýsir hæfni nemanda í vitnisburði lokamats við lok skólaárs.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Námsmat er aðgengilegt á heimasvæði nemenda í Mentor. Nemendur og forsjáraðilar eru upplýstir um stöðu námsmats við lok hvers námstímabils ásamt upplýsingum um frammistöðu nemenda jafnt og þétt á tímabilinu.

Kennsla nemenda með annað tungumál en íslensku, MOT

Kóraskóli veitir nemendum með annað móðurmál en íslensku stuðning í námsveri þegar þörf krefur, auk þess sem stuðningur fer fram innan bekkjar í samvinnu við samnemendur þegar verkefni og aðstæður henta til þess.

Kennsluna annast kennarar með reynslu af stuðningi við nemendur í grunnskóla og kennslu íslensku sem annars tungumáls. Stuðningurinn er skipulagður með fjölbreyttum hætti og tekur mið af þörfum hvers nemanda. Hann getur meðal annars farið fram í litlum hópum í námsveri þar sem unnið er markvisst að því að mæta einstaklingsbundnum námsþörfum nemenda, í samræmi við úthlutað tímamagn.

Jafnframt fara kennarar inn í bekkjardeildir og veita nemendum stuðning við verkefnavinnu í samstarfi við umsjónarkennara og aðra nemendur. Umsjónarkennari og námsverskennari vinna náið saman að aðlögun námsefnis, skipulagningu stuðnings og samskiptum við foreldra, meðal annars með sameiginlegri þátttöku í foreldrasamtölum.

Í Kóraskóla bera allir kennarar ábyrgð á kennslu og stuðningi við nemendur sem læra íslensku sem annað tungumál og vinna samkvæmt sameiginlegri stefnu skólans um inngildandi skólastarf.

Heimanám

Í Kóraskóla er lögð áhersla á að nemendur geti lokið verkefnum og námi sínu innan skólatíma. Í einstaka tilvikum getur þó komið upp sú staða að nemandi þurfi að vinna heimanám.

Ef nemandi nýtir ekki vinnustundir sínar í skólanum nægilega vel og situr því uppi með ólokin verkefni getur hann þurft að ljúka þeim heima.

Í Kóraskóla eru einnig stundum lögð fyrir próf og þá er mælst til þess að nemendur rifji upp námsefnið til undirbúnings. Einnig geta kennarar lagt fyrir áhugahvetjandi eða viðbótarverkefni sem unnin eru utan skólatíma.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Frímínútur

Nemendur fara að jafnaði í frímínútur frá kl. 09:50 til 10:10 alla daga, nema á mánudögum þegar frímínúturnar eru frá kl. 10:00 til 10:10. Hádegismatur er frá kl. 12:10 til 12:40. Boðið er upp á hafragraut á morgnana alla daga nema mánudaga. Nemendur geta einnig komið með eigið nesti. Í hádeginu er í boði heitur matur fyrir alla nemendur, ásamt fjölbreyttu úrvali af grænmeti og ávöxtum. Þeir sem koma með eigið nesti borða það í matsal skólans, þar sem jafnframt er aðstaða til að hita mat ef þess er óskað.
Félagsmiðstöðin Kúlan er með opið á morgnana og í hádeginu flesta virka daga. Þar geta nemendur notið fjölbreyttrar afþreyingar og félagsstarfs í frítímum sínum.

5. Starfsáætlun nemenda

Skóladagur hefst kl. 09:20 á mánudögum en kl. 08:30 aðra daga hjá nemendum skólans. Kennslu lýkur á mismunandi tímum eftir dögum og má nálgast nánari upplýsingar um stundaskrár nemenda í Mentor.

Skólinn starfar samkvæmt viðmiðunarstundaskrá Aðalnámskrár grunnskóla og skiptir kennslutíma milli námsgreina í samræmi við hana. Lögð er áhersla á fjölbreytt og skapandi nám sem endurspeglast í stundaskrá nemenda. Kennslan samanstendur af hefðbundnum faggreinum, þeytingi þar sem áhersla er lögð á samþættingu námsgreina, list- og verkgreinum (80 mínútur á viku), valgreinum (160 mínútur á viku) og skólaíþróttum (120 mínútur á viku). Heildarkennslutími nemenda er 1.480 mínútur á viku.
Nánari upplýsingar um viðmiðunarstundaskrá má finna í Aðalnámskrá grunnskóla á www.adalnamskra.is.
Foreldraviðtöl eru haldin einu sinni á hvorri önn. Að hausti fara þau fram í byrjun nóvember og eru kennarastýrð en að vori fara þau fram í byrjun febrúar og eru nemendastýrð.

Árshátíð skólans er haldin í mars. Í aðdraganda hennar eru þemadagar þar sem markmiðið er að brjóta upp hefðbundna kennslu með fjölbreyttum, skapandi og lifandi verkefnum. Nemendur í 10. bekk fara í útskriftarferð í lok maí og gist er eina nótt. Í ferðinni er boðið upp á fjölbreytta afþreyingu og samveru sem marka tímamót í skólagöngu nemenda.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Skólinn leitast við að tengja nám og kennslu við menningar- og samfélagslíf í nærumhverfinu. Nemendur taka þátt í viðburðum á vegum menningarstofnana Kópavogsbæjar og annarra samstarfsaðila þegar það á við, auk þess sem gestafyrirlesarar og fræðsluaðilar eru reglulega fengnir í skólann til að styðja við og dýpka námið.

Val nemenda

Tilgangur valgreina er að laga námið sem best að þörfum, áhuga og styrkleikum nemenda. Valið veitir þeim tækifæri til að setja eigin markmið í námi og leggja áherslu á viðfangsefni sem tengjast áhugasviði þeirra og framtíðaráformum.
Valgreinar eiga að stuðla að því að víkka sjóndeildarhring nemenda, auka lífsfyllingu þeirra og efla þekkingu, leikni og hæfni á ólíkum sviðum. Hver árangur getur valið úr valgreinum sem eru 80 mín á viku. Boðið eru uppá 15 valgreinar á haustönn og annað eins á vorönn. Upplýsingar um þær valgreinar sem í boði eru skólaárið 2026–2027 má finna á heimasíðu skólans.

Stór hluti nemenda fær val utan skóla metið til náms, svo sem þátttöku í íþróttastarfi, listnámi eða öðru sambærilegu skipulögðu námi. Með því er viðurkennt að nám og þroski fari fram víðar en innan veggja skólans og að fjölbreytt reynsla geti styrkt menntun nemenda.

Samstarf við aðila utan skólans

Kóraskóli er í samstarfi við Arena um kennslu í rafíþróttum sem valgrein. Þar fá nemendur markvissa fræðslu um ábyrga og heilbrigða tölvuleikjaspilun, samskipti í netumhverfi og jafnvægi milli skjátíma og annarra þátta daglegs lífs. Jafnframt fá þeir tækifæri til að þjálfa færni sína í keppnisleikjum og kynnast þeirri samvinnu, stefnumótun og samskiptum sem rafíþróttir byggja á. Kennslan fer fram í húsnæði Arena Gaming við Smáratorg þar sem nemendur hafa aðgang að sérútbúinni aðstöðu til æfinga og náms. Markmið valgreinarinnar er að efla stafræna hæfni, samvinnu og ábyrga þátttöku í rafíþróttum í jákvæðu og uppbyggilegu umhverfi.

Samstarf við framhaldsskóla

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er heimilt að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla til valgreina, svo sem nám við framhaldsskóla, listaskóla og tungumálaskóla.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Nemendur í 10. bekk Kóraskóla hafa kost á að velja áfanga við Verzlunarskóla Íslands og Tækniskólann. Áfangarnir eru skipulagðir og kenndir af viðkomandi framhaldsskólum en eru hluti af stundaskrá nemenda í Kóraskóla.
Aðstoðarskólastjóri/deildarstjóri annast samskipti skólans við Verzlunarskóla Íslands og Tækniskólann vegna þátttöku nemenda í framhaldsskólaáföngum.

Námsráðgjafi unglingastigs hefur umsjón með kynningum á framhaldsskólum fyrir nemendur í 10. bekk í samstarfi við viðkomandi skóla. Kynningarnar fara fram reglulega yfir skólaárið og miða að því að styðja nemendur við undirbúning fyrir næsta skólastig og upplýst val á námsleiðum.

Samstarf við ýmsa aðila í nærsamfélaginu

Kóraskóli leggur áherslu á gott samstarf við þá aðila sem bjóða upp á tómstunda- og frístundastarf fyrir börn og ungmenni utan skólatíma. Skólinn leitast við að veita þessum aðilum tækifæri til að kynna starfsemi sína fyrir nemendum og forsjáraðilum og eftir atvikum, að nýta húsnæði skólans til starfseminnar. Skólastjórnendur eru tengiliðir skólans varðandi slíkt samstarf.
Upplýsingar og auglýsingar frá félögum og öðrum aðilum sem bjóða upp á skipulagt tómstundastarf eru sendar til formanns Foreldrafélags Kóraskóla, sem kemur þeim áfram til forsjáraðila í gegnum samskiptamiðla félagsins.
Heimilt er að kynna starfsemi á sviði tónlistar, myndlistar, dans, leiklistar, tölvu- og tækninám, sem og íþrótta- og æskulýðsstarfs.

Kóraskóli á í góðu samstarfi við íþróttafélög í nærumhverfinu og sækja margir nemendur meðal annars æfingar hjá HK, Breiðabliki og Gerplu. Nemendur fara á eigin vegum til æfinga hjá HK þegar þær fara fram á skólatíma eða í beinu framhaldi af skóladegi. Að öðru leyti fara nemendur sjálfir til og frá í skipulagt tómstundastarf.

6. Skólabragur/skólareglur

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla og gildandi reglum skal hver grunnskóli setja sér skólareglur sem öllum ber að virða. Skólastjóri, starfsfólk, nemendur og forsjáraðilar bera

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

sameiginlega ábyrgð á að stuðla að jákvæðum skólabrag, vellíðan og góðum samskiptum. Skólareglur eru ætlaðar að styðja við öruggt, uppbyggilegt og farsælt skólastarf.

Í Kóraskóla er lögð áhersla á að öll komi fram hvert við annað af virðingu, kurteisi og ábyrgð. Nemendur, forsjáraðilar og starfsfólk eiga rétt á að njóta öryggis og vellíðunar í skólasamfélaginu og vera laus við stríðni, hrekki, einelti og ofbeldi. Skólareglur Kóraskóla miða að því að skapa jákvætt og styðjandi námsumhverfi þar sem vinnufriður, samskipti og ábyrgð eru í fyrirrúmi. Leitast er við að leiðbeina nemendum um æskilega hegðun með uppbyggilegum og lausnamiðuðum hætti.

Kóraskóli fylgir gildandi reglum um skjáfrí og notkun síma og snjalltækja í grunnskólum. Nemendur skulu ekki nota farsíma eða önnur persónuleg snjalltæki á skólatíma, þar með talið í kennslustundum, frímínútum og matarhléum, nema með sérstöku leyfi starfsfólks eða þegar notkun þeirra er hluti af námi, stuðningi eða einstaklingsbundnum úrræðum. Reglan gildir í öllu skólastarfi, hvort sem það fer fram í húsnæði Kóraskóla, íþróttamannvirkjum HK, Hörðuvallaskóla, Salalaug eða á vettvangi utan skólans.

Nemendur í Kóraskóla hafa aðgang að iPad-tækjum sem nýtt eru í námi samkvæmt markmiðum og áherslum skólans. Þar sem tækin eru eign Kópavogsbæjar bera nemendur ábyrgð á að fara vel með þau og nota þau í samræmi við reglur skólans um ábyrga stafræna þátttöku og góða umgengni.

Skólareglur Kóraskóla eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Mikilvægt er að nemendur og forsjáraðilar þekki reglurnar og skilji tilgang þeirra. Þær eru kynntar við upphaf skólaárs, meðal annars á skólasetningu og haustkynningum árganga, auk þess sem þær eru reglulega ræddar og rifjaðar upp eftir því sem tilefni gefst. Viðbrögð við skólareglum má finna á heimasíðu skólans og eins hér https://koraskoli.is/wp-content/uploads/sites/21/2026/08/Astundunareinkunn.pdf

Viðmið vegna ófullnægjandi skólasóknar

Í Kóraskóla er unnið skv. viðmiðum Kópavogsbæjar um viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÓFULLNÆGJANDI SKÓLASÓKN
LEYFI/VEIKINDI

Þegar grunur vaknar um ófullnægjandi skólasókn skal skoða tilkynningar um veikindi og leyfi.

Miðað er við eftirfarandi viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar og stuðst við viðmið um fjölda veikinda- og/eða leyfisdaga við hvert þrep. Jafnframt er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers nemanda og að ávallt sé leitað eftir stuðningi frá Menntasviði Kópavogsbæjar og/eða Barnavernd Kópavogsbæjar sé talin þörf á því.

ÞREP 1 5-9 DAGAR	ÞREP 2 10-14 DAGAR	ÞREP 3 15-19 DAGAR	ÞREP 4 20-29 DAGAR	ÞREP 5 30 DAGAR EÐA FLEIRI
Foreldrar fá upplýsingar um skólasókn frá skóla.	Umsjónarkennari á samtal við foreldra og nemanda. Skólastjórnendur eru upplýstir um stöðu mála. Ef um veikindi er að ræða má óska eftir aðkomu skólahjúkrunarfræðings.	Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar ásamt skólastjórnanda eða fulltrúa hans þar sem gerð er áætlun um næstu skref. Nemendaverndarráð er upplýst með vitneskju foreldra.	Skólastjórnandi boðar foreldra til fundar og nemanda ef að við á. Skrifleg tilkynning og áætlun um aðgerðir send Menntasviði Kópavogsbæjar.	Skólastjórnandi tilkynnir skólasókn til Barnaverndar Kópavogsbæjar og upplýsir Menntasvið Kópavogsbæjar um stöðu mála. Í framhaldi er gerð ný áætlun um næstu skref.

Í 19. gr. laga um grunnskóla frá 2008 stendur *„Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldrar skólaskyldra barna bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sæki skóla"*.

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÓFULLNÆGJANDI SKÓLASÓKN
FJARVISTIR

Þegar grunur vaknar um ófullnægjandi skólasókn skal skoða ástundun nemandans.

Miðað er við eftirfarandi viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar og stuðst við viðmið um fjölda fjarvista við hvert þrep. Jafnframt er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers nemanda og að ávallt sé leitað eftir stuðningi frá Menntasviði Kópavogsbæjar og/eða Barnavernd Kópavogsbæjar sé talin þörf á því.

ÞREP 1 2-4 FJARVISTIR	ÞREP 2 5-9 FJARVISTIR	ÞREP 3 10-14 FJARVISTIR	ÞREP 4 15-24 FJARVISTIR	ÞREP 5 25 FJARVISTIR EÐA FLEIRI
Foreldrar fá upplýsingar um skólasókn frá skóla.	Umsjónarkennari á samtal við foreldra og nemanda. Skólastjórnendur eru upplýstir um stöðu mála.	Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar ásamt skólastjórnanda eða fulltrúa hans þar sem gerð er áætlun um næstu skref. Nemendaverndarráð er upplýst með vitneskju foreldra.	Skólastjórnandi boðar foreldra til fundar og nemanda ef að við á. Skrifleg tilkynning og áætlun um aðgerðir send Menntasviði Kópavogsbæjar.	Skólastjórnandi tilkynnir skólasókn til Barnaverndar Kópavogsbæjar og upplýsir Menntasvið Kópavogsbæjar um stöðu mála. Í framhaldi er gerð ný áætlun um næstu skref.

Í 19. gr. laga um grunnskóla frá 2008 stendur *„Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldrar skólaskyldra barna bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sæki skóla"*.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

7. Skólaráð, foreldrafélag og nemendaráð

Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs, situr í ráðinu og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélagsins eða viðbótarfulltrúi foreldra sem valinn er af öðrum fulltrúum ráðsins. Aðstoðarskólastjóri stýrir fundum í forföllum skólastjóra.
Skólaráð fundar að jafnaði þrisvar á skólaári; fljótlega eftir skólabyrjun, í janúar og í lok skólaárs. Einnig eru boðaðir fundir þegar aðstæður kalla á.

Skólaráð tekur þátt í stefnumótun skólans og mótun sérkenna hans í samræmi við skólastefnu sveitarfélagsins. Hlutverk ráðsins er meðal annars að:

- fjalla um skólanámskrá, starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarf,
- fjalla um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skólans og veita umsögn áður en endanleg ákvörðun er tekin,
- taka þátt í mótun stefnu og sérkenna skólans og efla tengsl hans við grenndarsamfélagið,
- fylgjast með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda,
- fjalla um skólareglur og umgengnishætti í skólanum,
- fjalla um erindi frá skólanefnd, foreldrafélagi, kennarafundi, starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, ráðuneyti eða öðrum aðilum sem varða málefni á starfssviði skólaráðs og veita umsögn þegar þess er óskað,
- taka þátt í öðrum verkefnum á vegum sveitarfélagsins eða skólanefndar samkvæmt nánara samkomulagi.

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, forsjáraðila eða starfsfólks skólans.

Í skólaráði Kóraskóla skólaárið 2026-2027 sitja:
Inga Sigurðardóttir, skólastjóri (aðstoðarskólastjóri í forföllum skólastjóra)
Elsa Sigrún Elísdóttir, fulltrúi kennara

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Fjóla Dröfn Friðriksdóttir, fulltrúi kennara
Ingibjörg Heiðdal, fulltrúi starfsfólks
Halla Björg Evans, fulltrúi foreldra
Anna Reynarsdóttir, fulltrúi foreldra
Ásta Björk Agnarsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags
Heiðdís Björt Bernharðsdóttir, fulltrúi nemenda
Mikael Nökkvi Rafnsson, fulltrúi nemenda

Foreldrafélag Kóraskóla
Við Kóraskóla starfar foreldrafélag sem hefur það hlutverk að efla samstarf heimila og skóla, styðja við skólastarfið og vinna að velferð nemenda.
Stjórn foreldrafélagsins skólaárið 2026-2027 er skipuð eftirtöldum fulltrúum:
Halla Björg Evans, formaður
Auk 4 annarra stjórnamanna

Lög foreldrafélagsins voru samþykkt á stofnfundi félagsins 5. september 2023. Á aðalfundi félagsins í september 2024 voru samþykktar breytingar á lögunum. Gildandi lög foreldrafélagsins má finna á heimasíðu Kóraskóla.

Nemendaráð/unglingaráð Kúlunnar

Nemendur í 8.-10. bekk kjósa sér nemendaráð sem er jafnframt ungmennaráð félagsmiðstöðvarinnar Kúlunnar. Markmið ráðsins er að veita nemendum vettvang til að hafa áhrif á skólastarfið, taka þátt í að móta starf félagsmiðstöðvarinnar og bera ábyrgð á þeim viðburðum og verkefnum sem þar eru skipulögð.
Í nemendaráði eiga sæti fulltrúar úr öllum árgöngum 8.-10. bekkjar og er leitast við að tryggja sem jafnast kynjahlutfall. Í ráðinu sitja fjórir fulltrúar úr 10. bekk, fjórir fulltrúar úr 9. bekk, og þrír fulltrúar úr 8. bekk.
Nemendaráð starfar í samstarfi við forstöðumann félagsmiðstöðvarinnar og tengilið skólans við Kúluna, sem er Guðlaug Árnadóttir. Ráðið fundar að jafnaði einu sinni í viku og tekur virkan þátt í skipulagningu félagsstarfs, viðburða og verkefna fyrir nemendur skólans.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Með þátttöku í nemendaráði fá nemendur tækifæri til að efla lýðræðislega þátttöku sína, leiðtogafærni, ábyrgðarkennd og samstarfshæfni, auk þess að hafa áhrif á skóla- og félagslíf sitt.

8. Foreldrasamstarf

Upplýsingamiðlun til foreldra

Á heimasíðu Kóraskóla má finna upplýsingar um það helsta sem er á döfinni hverju sinni, auk margvíslegra upplýsinga um skipulag skólaársins og starfsemi skólans. Kóraskóli heldur einnig úti Facebook-síðu sem nýtt er til upplýsingagjafar og kynningar á skólastarfinu.
Kennarar senda forsjáraðilum að jafnaði vikulegan tölvupóst með upplýsingum um verkefni liðinnar viku og það sem fram undan er í námi og starfi nemenda. Stjórnendur skólans senda jafnframt fréttabréf til forsjáraðila síðasta föstudag hvers mánaðar með upplýsingum um skólastarfið, helstu viðburði og önnur málefni sem varða skólasamfélagið.
Auk þess eru fréttir, tilkynningar og aðrar mikilvægar upplýsingar birtar reglulega á heimasíðu skólans eftir því sem tilefni gefst. Með markvissri upplýsingamiðlun leitast Kóraskóli við að efla samstarf heimila og skóla og tryggja að forsjáraðilar séu vel upplýstir um skólastarfið og velferð barna sinna.

Samskipti forsjáraðila og kennara í Kóraskóla

Samskipti milli heimilis og skóla fara að miklu leyti fram í gegnum netpóst og því mikilvægt að forsjáraðilar láti ritara skólans vita ef breyting verður á póstfangi. Forsjáraðilar geta sjálfir breytt upplýsingum sínum, þ.á.m. netföngum, með eigin aðgangi á Mentor. Áherslur á samstarf heimilis og skóla eru augljósar í lögum um grunnskóla (2008) og aðalnámskrá grunnskóla (2011) en þar er litið á forsjáraðila sem samstarfsmenn um hvert einstakt barn, nemendahópinn og skólann sem heild. Farvegur fyrir samskipti forsjáraðila og kennara þar sem velferð nemenda er höfð að leiðarljósi þarf að vera skýr en um leið þarf að gæta þess að samskiptin hafi ekki truflandi áhrif á nám og kennslu.

Tölvupóstur

- Tölvupóstur er fyrst og fremst notaður til að miðla upplýsingum og afgreiða hagnýt erindi. Þegar um viðkvæm, persónuleg eða flókin mál er að ræða er æskilegt að óska eftir fundi eða hafa samband símleiðis.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

- Kennarar fylgist ekki með eða svara tölvupósti meðan á kennslu stendur. Tölvupóstur er að jafnaði lesinn og afgreiddur utan kennslutíma.
- Kennarar svara ekki tölvupósti á kvöldin, um helgar eða á frídögum, nema sérstakar aðstæður krefjist þess.
- Kennarar ákveða sjálfir hvort þeir tengi vinnupóst við persónuleg snjalltæki sín og eru því ekki alltaf aðgengilegir utan vinnutíma.

Samfélagsmiðlar

Almenna reglan er sú að starfsfólk skólans tengist ekki nemendum eða forsjáraðilum á samfélagsmiðlum í einkaskyni. Með því er stuðlað að faglegum samskiptum og skýrum mörkum milli einkalífs og starfs.

Foreldrafélag skólans heldur úti upplýsingasíðu á Facebook og einnig kunna forsjáraðilar einstakra árganga að stofna samskiptahópa á samfélagsmiðlum að eigin frumkvæði. Skólinn hefur hvorki frumkvæði að stofnun slíkra hópa né umsjón með þeim.

Öll formleg samskipti milli heimilis og skóla fara fram í gegnum tölvupóst, síma, Mentor eða á fundum eftir því sem við á.

Ljósmyndir og myndbirtingar

Skólinn fylgir gildandi reglum og viðmiðum um myndatökur og birtingu mynda af nemendum. Um það gilda sérstakar reglur sem ætlað er að tryggja persónuvernd, öryggi og réttindi nemenda.

Nánari upplýsingar má finna í skjalinu Viðmið um myndatökur og myndbirtingar í skóla- og frístundastarfi.

https://www.kopavogur.is/static/files/Log-og-reglur/reglur_menntasvid/vidmid-myndbirting-aheimasidum.pdf

Sími

Ef forsjáraðilar þurfa að koma áríðandi skilaboðum til kennara á skólatíma skulu þeir hafa samband við skrifstofu skólans sem sér um að koma skilaboðunum áfram. Forsjáraðilar skulu

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

ekki undir neinum kringumstæðum hafa samband við kennara í persónulega síma þeirra vegna mála sem varða skólastarfið.
Ef koma þarf áríðandi skilaboðum til nemenda á skólatíma eru forsjáraðilar jafnframt beðnir um að hafa samband við skrifstofu skólans sem sér um að koma skilaboðunum til viðkomandi nemanda.

Heimsóknir foreldra í skólastofur

Óski forsjáraðilar eftir að kynnast daglegu starfi nemenda er hægt að skipuleggja heimsókn í skólastofu í samráði við og með samþykki viðkomandi kennara. Við upphaf heimsóknar eru gestir minntir á þagnarskyldu og mikilvægi þess að virða persónuvernd nemenda og starfsfólks.

Mentor

Allar upplýsingar um námsmat, hæfnikort, heimanám og annað sem tengist námi nemenda eru birtar í Mentor og uppfærðar reglulega af þeim kennurum sem kenna viðkomandi nemanda. Umsjónarkennarar senda að jafnaði vikulegan tölvupóst til forsjáraðila með helstu upplýsingum um skólastarfið og það sem fram undan er.

Mentor er jafnframt notaður til að skrá ástundun, mætingar og önnur atvik sem varða skólagöngu nemenda. Nánari upplýsingar um slíka skráningu er að finna í kafla um skólareglur.
Frekari upplýsingar um mál sem varða einstaka nemendur eru veittar eftir þörfum á fundum, í tölvupósti eða símleiðis.

Veikindi

Hægt er að skrá veikindi sem vara í heilan skóladag í Mentor. Önnur forföll, svo sem leyfi hluta úr degi eða skammtímaleyfi, skal tilkynna með því að hafa samband við ritara skólans.

Upplýsingar frá skólanum

Samráðs- og upplýsingafundir eru haldnir í öllum árgöngum að hausti ár hvert. Skólinn birtir helstu upplýsingar um skólastarfið á heimasíðu sinni, meðal annars skóladagatal,

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

skólanámskrá, starfsáætlun, samstarfsáætlun heimila og skóla, starfsmannalista, matseðla og upplýsingar um tómstundastarf.
Hagnýtar upplýsingar um nám nemenda, svo sem námsmarkmið, námsmat, heimanám og verkefni, eru birtar í Mentor og/eða Google Classroom. Þar eru upplýsingarnar uppfærðar reglulega af umsjónarkennara og öðrum kennurum sem kenna viðkomandi nemanda. Umsjónarkennari sendir forsjáraðilum reglulega upplýsingar um bekkjarstarfið og það sem fram undan er í bekknum, hópnum eða árganginum.
Frekari upplýsingar um nám, líðan og skólagöngu einstakra nemenda eru veittar eftir þörfum á fundum, í tölvupósti, símleiðis eða í gegnum samþykkt samskiptakerfi skólans.

<u>Forsjáraðilar nemenda með annað tungumál en íslensku</u>
Í Kóraskóla er leitast við að tryggja gott samstarf við forsjáraðila af fjölbreyttum tungumála- og menningarbakgrunni. Reglulega eru haldnir fundir með forsjáraðilum með aðstoð túlka þegar þörf krefur.
Á heimasíðu skólans er tungumálahnappur sem gerir notendum kleift að velja úr sex tungumálum og nálgast þannig helstu upplýsingar um skólastarfið á því tungumáli sem hentar þeim best.

Þegar um mikilvægar tilkynningar eða kynningarbréf er að ræða er leitast við að birta þau einnig á öðrum tungumálum, meðal annars ensku og pólsku, eftir því sem við á og aðstæður leyfa.

9. Viðfangsefni innra mats
Innra mat skóla felur í sér markvissa gagnaöflun, faglega ígrundun og greiningu á skólastarfinu. Með innra mati er lagt mat á hversu vel tekst að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið fyrir skólastarfið og hvernig unnt er að efla gæði þess enn frekar. Innra mat í Kóraskóla er jafnframt mikilvæg leið til að miðla þekkingu og upplýsingum um starfsemi skólans til starfsfólks, nemenda og forsjáraðila. Fyrirkomulag innra mats gegnir lykilhlutverki í þróun og framþróun skólans.
Við innra mat eru nýttar fjölbreyttar leiðir til gagnaöflunar. Þar má meðal annars nefna nemendakannanir, foreldrakannanir og starfsmannakannanir Skólapúlsins, starfsmannasamtöl og önnur gögn sem varpa ljósi á gæði skólastarfsins. Einnig eru

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

niðurstöður lesskimana, annarra samræmdra mælinga og upplýsingar úr námsmati skólans greindar og rýndar með það að markmiði að styðja við áframhaldandi umbætur.
Starfsfólk skólans metur reglulega skólastarfið með umræðum og sameiginlegri rýni, meðal annars í kjölfar verkefna, viðburða og uppbrotsdaga. Málefni sem tengjast innra mati eru jafnframt tekin reglulega til umfjöllunar á starfsmannafundum. Í lok skólaárs fer fram heildstæð yfirferð á starfinu þar sem metið er hvað hefur gengið vel, hvað þarfnast úrbóta og hvaða áherslur skuli hafa að leiðarljósi á komandi skólaári.

Kóraskóli er á sínu fjórða starfsári og er ein af megináherslum vetrarins að formfesta kennsluhætti og tryggja að námsmat sé skýrt, áreiðanlegt og styðjandi fyrir nám nemenda. Til að ná þeim markmiðum er lögð áhersla á virkt samtal við bæði kennara og nemendur um nám, kennslu og skólastarf.

Reglulega eru haldin nemendaþing þar sem nemendum gefst tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um skólastarfið, skólabrag, vellíðan og leiðir til að efla nám og þátttöku nemenda. Einnig eru haldin foreldraþing annað hvort vor þar sem forsjáraðilum gefst kostur á að ræða og veita álit sitt á fyrirfram skilgreindum viðfangsefnum sem tengjast skólastarfi og þróun skólans.
Ábyrgð á innra mati er í höndum skólastjórnenda, innra mat er unnið jafnt og þétt yfir veturinn.

Hvað er símenntun

Sameiginlegt markmið Kópavogsbæjar og starfsfólks hans er að efla þekkingu, færni og fagmennsku starfsmanna. Bæjarfélagið leggur ríka áherslu á fræðslu og símenntun og er starfsfólk hvatt til að nýta sér þau námskeið og þá endurmenntun sem í boði eru. Réttur og skylda starfsmanna til endurmenntunar er jafnframt skilgreind í gildandi kjarasamningum.

Kennarar í Kópavogi eiga kost á að sækja fjölbreytt fræðslu- og þjálfunarnámskeið sem sveitarfélagið býður upp á, bæði á undirbúningsdögum og á starfstíma skóla. Auk þess setur Kóraskóli sér markviss markmið um starfsþróun og fræðslu sem samræmast bæði áhuga og þörfum starfsfólks og heildarmarkmiðum skólans.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Með öflugri símenntun og starfsþróun er stuðlað að faglegri framþróun starfsfólks og auknum gæðum í skólastarfinu til hagsbóta fyrir nemendur og skólasamfélagið í heild.

Leiðir til starfsþróunar

Stjórnendur og starfsfólk er hvatt til að tengja saman formlega og óformlega fræðslu til að öðlast tilætlaða hæfni.

- Námskeið og starfsþjálfun á vegum bæjarfélagsins, skólans eða annarra viðurkenndra aðila.
- Skipulagðar ráðstefnur, kynnisferðir og vettvangsheimsóknir.
- Stutt námskeið og kynningar á starfsmannafundum.
- Að undirbúa fræðslu og/eða kennslu hópi samstarfsmanna eða öðrum.
- Gagnkvæmar heimsóknir og samstarf milli skóla.
- Teymisvinna.
- Rýnihópar.
- Starfendarannsóknir.
- Formlegt lengra nám.
- Sjálfsnám t.d. með lestri fræðiefnis.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Ferli við gerð starfsþróunaráætlunar



Helstu áherslur og markmið veturinn 2026-2027

- Formfesta starfshætti tengdum þemanámi og kjarnagreinum
- Vinna að breytingum vegna nýs talnakvarða við lokamat 10. árgangs, ljóst er að allur skólinn verður tekin undir þessar breytingar
- Styrkja Leiðsagnarnám
- Einstaklingsmiðað nám
- Aukið samstarf og bætt samvinna
- Skýra hlutverk teyma
- Bekkjabragur/agastjórnun
- Farsæld
- Viðbrögð við ofbeldi
- Hópefli starfsfólks
- Lestur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Yfirlit yfir starfsþróun og endurmenntun 2026-2027

Viðfangsefni	Fyrir hverja	Tími/tímabil	Leiðbeinendur
Fagnámskeið menntasviðs Kópavogs	Kennarar og stjórnendur	Ágúst 2026	Ýmsir fagaðilar
Inngilding	Kennarar og stjórnendur	13. ágúst 2026	Menntasvið
Inngilding – Lee Ann	Alla starfsmenn	17. ágúst 2026	Lee Ann Jung
Utís online 2026	Stjórnendur og kennarar	18.09 og 19.09.2026	Ýmsir – UTIS online 2026
Fundir með MMS vegna innleiðingar nýs talnakvarða í grunnskólum	Stjórnendur og kennarar. Stýrihópur	Flesta þriðjudaga frá ágúst til a.m.k október 2026	Auður Bára Ólafsdóttir og Brynhildur Sigurðardóttir
Námsferð til Mílanó, skólakynning, hópefli og svo frv.	Kennarar og stjórnendur	22.10 til 26.10. 2026	Ýmsir
Gervigreind	Kennar, stuðningsfulltrúar og stjórnendur	12. nóvember 2026	Björn Kristjánsson
Skyndihjálp	Allir	4. janúar 2027	Ólafur Ingi Grettisson
Eftirfylgni Inngildingarnám-skeiða frá haustönn	Stjórnendur, kennarar, stuðningsfulltrúar	9. mars 2027	Þórhildur Helga (óstaðfest)
Lestur fagefnis	Stjórnendur og kennarar	Allt skólaárið	Ýmsir

10.Upplýsingar um stoðþjónustu

Yfirumsjón með stoðþjónustu og sértækum stuðningi er í höndum aðstoðarskólastjóra. Þegar upp koma mál sem kennari telur sig ekki geta leyst án frekari stuðnings er þeim vísað, eftir eðli og umfangi, til umfjöllunar í nemendaverndarráði. Úthlutun til stoðþjónustu skólans er 104 kest á viku, þarf af eru 11 kest í MOT kennslu. Úthlutunartímar eru nýttir í stoðþjónustu inní árgöngum og til kennslu í minni hópum eftir þörfum nemenda og viðfangi kennsluna. Talmeinafræðingur er starfandi við skólann í hlutastarfi og er úthlutun 16 tímar á mánuði.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Skólinn getur leitað til menntasviðs Kópavogsbæjar eftir ráðgjöf vegna einstakra nemenda eða nemendahópa. Kennsluráðgjafar menntasviðs geta einnig komið að starfi kennarateyma og veitt leiðsögn um kennsluhætti, námsaðlögun og aðferðir í starfi með einstaka nemendur eða hópa þegar þörf krefur.
Kennsluráðgjafar eða aðrir sérfræðingar frá menntasviði taka jafnframt þátt í teymisfundum vegna nemenda eftir því sem við á og þörf krefur.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð Kóraskóla starfar samkvæmt 40. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.
Markmið nemendaverndarráðs er að samræma og efla þjónustu við nemendur og stuðla að því að hún sé markviss, skilvirk og í samræmi við þarfir hvers og eins. Nemendaverndarráð fundar að jafnaði aðra hverja viku. Í ráðinu sitja skólastjórnendur, sálfræðingur, náms- og starfsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur og forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Kúlunnar. Ráðið er skólastjórnendum til ráðgjafar við undirbúning, framkvæmd og eftirfylgni áætlana um stuðning og sérstaka aðstoð við nemendur. Nemendaverndarráð fjallar um mál nemenda sem því er vísað og metur hvaða úrræði eða stuðningur sé við hæfi hverju sinni.
Telji umsjónarkennari eða skólastjórnandi að nemandi þurfi sérstakan stuðning vegna fötlunar, sjúkdóms eða námslegra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika skal málinu vísað skriflega til nemendaverndarráðs eða stoðþjónustu skólans, eftir því sem við á. Fundargerðir eru skráðar og mál skráð í One Systems þegar við á. Með allar upplýsingar sem koma fram í störfum ráðsins er farið samkvæmt gildandi lögum og reglum um trúnað, persónuvernd og meðferð viðkvæmra persónuupplýsinga.

Umsjónarkennarar

Umsjónarkennarar veita nemendum stuðning og sinna andlegri, félagslegri og líkamlegri velferð þeirra í nánu samstarfi við forsjáraðila. Þeir eiga regluleg samskipti við forsjáraðila og taka þátt í fundum sem varða nám, líðan og skólagöngu nemenda.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Umsjónarkennarar hafa heildarsýn yfir nám, líðan og framfarir nemenda sinna. Þeir bera ábyrgð á gerð einstaklingsáætlana í samstarfi við sérkennara, faggreinakennara og annað starfsfólk eftir því sem við á.

Umsjónarkennarar fylgja jafnframt eftir aðlögun náms, námsumhverfis og kennsluhátta að þörfum einstakra nemenda í samráði við starfsfólk stoðþjónustu og aðra kennara. Í samstarfi við stoðþjónustu skólans hafa þeir yfirsýn yfir stuðningsúrræði og eftirfylgni vegna náms og skólagöngu nemenda og vinna að því að tryggja að hver nemandi fái viðeigandi stuðning og tækifæri til að ná árangri í námi.

Umsjónarkennarar:

- bera ábyrgð á að einstaklingsáætlanir séu unnar í samvinnu við stoðþjónustu og faggreinakennara,
- skipuleggja námsumhverfi og aðstæður í kennslurými í samvinnu við faggreinakennara,
- skipuleggja hópaskiptingu eftir þörfum,
- hafa umsjón með sjónrænu skipulagi og myndrænni stundatöflu,
- vinna með skýr og markviss fyrirmæli,
- hafa verkstjórn með stuðningi sem veittur er nemendum,
- hafa umsjón með upplýsingamiðlun til þeirra aðila innan skólans og utan sem koma að málefnum nemenda,
- sitja í teymum vegna nemenda eftir því sem við á,
- bera ábyrgð á samstarfi við forsjáraðila,
- sjá um útfyllingu viðeigandi gagna, skráninga og matslista, svo sem vegna skólasóknar og eftirfylgni,
- koma beiðnum um sérstakan stuðning til aðstoðarskólastjóra, að höfðu samráði við og með samþykki forsjáraðila.

Faggreinakennarar

Faggreinakennarar bera ábyrgð á skipulagi, framkvæmd og mati náms í þeim greinum sem þeir kenna. Mikilvægt er að faggreinakennarar vinni í nánu samstarfi við umsjónarkennara og eigi regluleg samskipti við þá um stöðu, námsframvindu og þarfir einstakra nemenda.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Faggreinakennarar taka þátt í gerð einstaklingsáætlana og einstaklingsnámskráa eftir því sem við á, í samstarfi við umsjónarkennara, sérkennara og annað fagfólk. Þeir bera jafnframt ábyrgð á að aðlaga námsefni, verkefni og kennsluhætti að þörfum nemenda og fylgja því eftir að allir nemendur fái nám og viðfangsefni við hæfi.

Faggreinakennarar:

- bera ábyrgð á kennslu, námsmati og faglegri umsjón með þeim greinum sem þeir kenna og tryggja að kennsla sé í samræmi við stefnu og markmið skólans,
- annast aðlögun náms og námsefnis að þörfum nemenda,
- taka þátt í gerð einstaklingsáætlana og einstaklingsnámskráa í samstarfi við umsjónarkennara og annað fagfólk eftir því sem við á,
- skipuleggja vinnulotur, verkefni og námsmat í sínum greinum,
- fylgjast með námi, framförum og þroska nemenda og leitast við að skapa jákvætt, hvetjandi og uppbyggilegt námsumhverfi,
- skrá námsmat, umsagnir og mætingar í Mentor samkvæmt verkferlum skólans,
- bera ábyrgð á bekkjarstjórnun og agamálum í sínum kennslustundum og vinna að úrlausn mála í samstarfi við umsjónarkennara og stjórnendur,
- eiga samskipti við forsjáraðila í samráði við umsjónarkennara þegar þörf krefur,
- sinna frágangi kennslugagna að vori og gera tillögur að innkaupum fyrir komandi skólaár,
- taka þátt í faglegu samstarfi, þróunarstarfi og starfsþróun innan skólans.

Stoðkennarar

Stoðkennarar veita nemendum stuðning í námi og stuðla að andlegri, félagslegri og líkamlegri vellíðan þeirra í samstarfi við umsjónarkennara, aðra kennara, sérfræðinga og forsjáraðila eftir því sem við á. Þeir vinna að því að skapa nemendum aðstæður sem styðja við virka þátttöku í skólastarfi og farsæla skólagöngu.

Stoðkennarar taka þátt í gerð einstaklingsáætlana og einstaklingsnámskráa í samstarfi við umsjónarkennara og annað fagfólk. Þeir bera ábyrgð á aðlögun náms, námsefnis og námsumhverfis að þörfum nemenda og stuðla að því að viðeigandi stuðningsúrræði séu til staðar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Stoðkennari í samstarfi við umsjónarkennara:

- er tengiliður Farsældar í þeim árgangi sem hann starfar með,
- tekur þátt í gerð, framkvæmd og eftirfylgni einstaklingsáætlana og einstaklingsnámskráa,
- annast aðlögun námsefnis og kennsluhátta að þörfum nemenda,
- skipuleggur námsumhverfi og aðstæður í kennslurými í samræmi við þarfir nemendahópsins,
- tekur þátt í skipulagningu námshópa og félagslegra hópa eftir því sem við á,
- hefur umsjón með sjónrænu skipulagi, þar á meðal myndrænum stundatöflum og öðrum stuðningsgögnum,
- vinnur með skýr og markviss fyrirmæli og stuðlar að góðu skipulagi námsins,
- skipuleggur vinnulotur og styður nemendur við að fylgja þeim eftir,
- annast nauðsynlega upplýsingamiðlun til starfsfólks skólans og annarra samstarfsaðila eftir því sem við á,
- veitir kennurum og öðru starfsfólki ráðgjöf vegna nemenda sem þurfa sérstakan stuðning,
- veitir ráðgjöf um skipulag kennslu, námsumhverfis og námsefnis,
- hefur yfirsýn yfir stuðningsúrræði og skólagöngu nemenda með sérþarfir,
- situr teymisfundi og tekur þátt í samstarfi um málefni einstakra nemenda,
- tekur þátt í samstarfi við forsjáraðila í samráði við umsjónarkennara,
- aðstoðar við öflun og úrvinnslu gagna sem tengjast mati, skimunum og umsóknum um stuðning.

Stuðningsfulltrúar

Stuðningsfulltrúar eru hluti af stoðþjónustu skólans og starfa í nánu samstarfi við kennara og aðra starfsmenn. Hlutverk þeirra er að styðja nemendur sem þurfa sérstaka aðstoð og stuðla að aukinni færni þeirra, sjálfstæði og virkri þátttöku í skólastarfi, bæði á námslegum og félagslegum vettvangi sem og í athöfnum daglegs lífs.

Stuðningsfulltrúar:

- aðstoða nemendur við daglegar athafnir og þátttöku í skólastarfi,

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

- styðja nemendur við að ná markmiðum skólanámskrár eða einstaklingsnámskrár undir leiðsögn kennara,
- efla færni og sjálfstæði nemenda í námi og daglegum athöfnum, meðal annars með hvatningu og jákvæðri styrkingu,
- aðstoða nemendur við að fylgja reglum skólans um hegðun, samskipti, umgengni og vinnubrögð,
- aðstoða nemendur við athafnir daglegs lífs, svo sem við klæðnað og máltíðir, þegar þörf krefur,
- styðja nemendur í félagslegum samskiptum og þátttöku í skólasamfélaginu,
- fylgja nemendum eftir í skólastarfinu, svo sem í frímínútum, íþróttum, sundi, vettvangsferðum og á ferðum um skólann,
- taka þátt í fundum og teymisvinnu eftir þörfum,
- sinna öðrum verkefnum sem þeim eru falin af stjórnendum eða kennurum í samræmi við hlutverk sitt.

Sálfræðingur

Í Kóraskóla annast Lilja Magnúsdóttir sálfræðingur sálfræðiþjónustu við nemendur. Sálfræðingur veitir ráðgjöf til nemenda, forsjáraðila og starfsfólks skólans og sinnir mati, greiningum og öðrum verkefnum eftir því sem við á. Jafnframt situr sálfræðingur í nemendaverndarráði skólans og tekur þátt í teymisvinnu um málefni einstakra nemenda. Sálfræðingur veitir stuðning vegna tilfinningalegra, félagslegra og námslegra erfiðleika og leggur sitt af mörkum til að efla vellíðan og farsæla skólagöngu nemenda. Einnig veitir sálfræðingur ráðgjöf um viðeigandi úrræði og leiðir til stuðnings innan skólasamfélagsins. Óski starfsfólk eftir aðkomu sálfræðings að máli nemanda leggur umsjónarkennari eða skólastjórnandi fram beiðni sem tekur ferli samkvæmt verklagi skólans og er eftir atvikum tekin fyrir í nemendaverndarráði. Ávallt þarf skriflegt samþykki forsjáraðila áður en einstaklingsbundin vinna eða mat af hálfu sálfræðings hefst.

Þegar mál er tekið til vinnslu hefur sálfræðingur samband við forsjáraðila og boðar til viðtals eftir því sem við á. Forsjáraðilar geta einnig óskað eftir ráðgjöf og aðkomu sálfræðings vegna málefna barna sinna. Nemendur í 9. og 10. bekk geta jafnframt leitað til sálfræðings um ráðgjöf og stuðning án milligöngu umsjónarkennara, eftir því sem eðli máls og verklag skólans leyfir. Sálfræðingur er með viðveru að lágmarki 2 virka daga í viku.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Námsráðgjöf

Námsráðgjafi Kóraskóla er Björg Ýr Grétarsdóttir og er hún í fullu starfi við skólann sem slíkur. Námsráðgjafi er talsmaður nemenda og trúnaðarmaður þeirra innan skólans. Hlutverk námsráðgjafa er að styðja nemendur í námi, líðan og framtíðaráætlunum og veita þeim ráðgjöf og leiðsögn sem stuðlar að farsælli skólagöngu.

Helstu verkefni námsráðgjafa felast í að veita fræðslu um nám, námsleiðir, störf og atvinnulíf, leiðbeina nemendum um árangursrík vinnubrögð í námi og aðstoða þá við að átta sig á eigin styrkleikum, áhugasviðum og hæfileikum. Námsráðgjafi styður einnig nemendur við að setja sér raunhæf náms- og starfsmarkmið.

Auk einstaklings- og hópráðgjafar sinnir námsráðgjafi forvarnarstarfi, jafnréttisfræðslu, náms- og starfsfræðslu og tekur þátt í teymisvinnu og samráði um málefni nemenda eftir því sem við á.

Samstarf námsráðgjafa og kennara er mikilvægt og getur meðal annars falist í:

- ráðgjöf og stuðningi við skipulag náms og vinnubragða nemenda,
- stuðningi við nemendur sem glíma við námsvanda, skólaforðun eða aðrar hindranir í skólagöngu,
- ráðgjöf um námsleiðir, valgreinar og undirbúning fyrir áframhaldandi nám,
- þátttöku í hópefli, eflingu bekkjaranda og forvörnum gegn einelti og félagslegri einangrun,
- samstarfi við kennara, stjórnendur, forsjáraðila og aðra sérfræðinga vegna málefna einstakra nemenda.

Allir nemendur geta leitað til námsráðgjafa að eigin frumkvæði. Forsjáraðilar geta einnig haft samband við námsráðgjafa vegna mála sem varða nám, líðan eða skólagöngu barna sinna. Nemendur og forsjáraðilar geta pantað tíma beint hjá námsráðgjafa eða komið erindum á framfæri í gegnum starfsfólk skólans.

Skólaheilsugæsla

Heilsugæsla Kóraskóla er á vegum Heilsugæslunnar í Salahverfi sími: 590-3900. Skóla-hjúkrunarfræðingur er Halla Hrund Arnardóttir. Netfang hennar er koraskoli@salus.is

Viðvera hjúkrunarfræðings í Kóraskóla er:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Mánudagar 8:30 -14:00

Þriðjudagar 9:00 12:00

Fimmtudagar 8:30 - 14:00

Skólaheilsugæslan er framhald smábarnaverndar. Markmið skólaheilsugæslu er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í náinni samvinnu við forsjáraðila, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda, með velferð þeirra að leiðarljósi. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Í 9. bekk fer fram sjónpróf, hæðar- og þyngdarmæling og viðtal um líðan og lífsstíl. Nemendur eru bólusettir gegn mænusótt, barnaveiki og stífkrampa (ein sprauta). Nemendur í öðrum árgöngum eru skoðaðir ef ástæða þykir til. Skólaheilsugæsla fylgist einnig með því að börn hafi fengið þær bólusetningar sem tilmæli landlæknis segja til um. Ef börn hafa ekki fengið fullnægjandi bólusetningar er haft samband við foreldra áður en bætt er úr því.

6H Heilsunnar – heilbrigðisfræðsla. Skólaheilsugæsla sinnir skipulagðri heilbrigðisfræðslu og hvetur til heilbrigðra lífshátta. Byggt er á hugmyndafræðinni um **6H** heilsunnar sem er samstarfsverkefni skólaheilsugæslunnar og Lýðheilsustöðvar. Áherslur fræðslunnar eru **H**ollusta – **H**víld – **H**reyfing – **H**reinlæti – **H**amingja – **H**ugrekki og kynheilbrigði. Eftir fræðslu fá foreldrar/forráðamenn fréttabréf sent með tölvupósti. Þá gefst foreldrum kostur á að ræða við börnin um það sem þau lærðu og hvernig þau geta nýtt sér það í daglegu lífi.

Slys og veikindi. Mikilvægt er að skólaheilsugæslan viti af börnum sem eru með langvinna og/eða alvarlega sjúkdóma, s.s. sykursýki, flogaveiki, ofnæmi og blæðingasjúkdóma. Ef óhapp/slys verður á skólatíma sinnir starfsfólk skólans fyrstu hjálp. Þurfi nemandi að fara á heilsugæslu eða slysadeild skulu foreldri/forráðamaður fara með barninu. Því er mikilvægt að skólinn hafi öll símanúmer þar sem hægt er að ná í foreldra á skólatíma barnsins. **Ekki er ætlast til að óhöppum sem gerast utan skólatíma sé sinnt af skólaheilsugæslunni.**

Lyfjagjafir. Skólaheilsugæslan hefur umsjón með lyfjagjöfum skólabarna í samráði við foreldra. Einungis eru gefin lyf sem ávísuð eru af lækni. Hafa ber í huga að barn getur ekki í neinu tilviki sjálft borið ábyrgð á lyfjatökunni, ábyrgðin er foreldra/forráðamanna. Börn skulu ekki hafa lyf undir höndum í skólanum nema í undantekningartilfellum, s.s. insúlín.

Ef áföll eða veikindi verða í fjölskyldu barnsins er æskilegt að láta hjúkrunarfræðing vita svo og bekkjakennara og skólastjórnendur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Til að njóta sín í námi verður barninu að líða vel í skólanum. Skólaheilsugæslan hvetur forsjáraðila til að vera vakandi yfir líðan barna sinna og spyrja þau reglulega um líðan sína, einnig að hafa hugfast að hrós og hvatning styrkja jákvæða hegðun og auka vellíðan. Forsjáraðilar geta ávallt leitað ráðgjafar hjá skólahjúkrunarfræðingi varðandi andlegt líkamlegt og félagslegt heilbrigði barnsins.

Sérkennsla

Í Kóraskóla starfar lausnarleitarteymi undir stjórn aðstoðarskólastjóra. Í teyminu sitja stoðkennarar skólans, sem jafnframt gegna flestir hlutverki tengiliða farsældar. Teymið fundar að jafnaði einu sinni í viku og hefur það hlutverk að greina þarfir nemenda, leita lausna og samræma stuðningsúrræði í samstarfi við kennara, stjórnendur og annað fagfólk. Markmið teymisins er að finna leiðir sem stuðla að vellíðan, auknum árangri og farsælli skólagöngu nemenda.

Sérkennsla er ein af þeim leiðum sem skólinn nýtir til að mæta ólíkum námsþörfum nemenda og styðja þá við að ná markmiðum sínum. Sérkennsla getur verið tímabundinn stuðningur vegna afmarkaðra erfiðleika eða samfelld þjónusta til lengri tíma, allt eftir þörfum hvers nemanda. Stuðningur og sérkennsla geta farið fram bæði innan og utan bekkjar og falið í sér aðlögun námsefnis, breytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað verkefnaval og notkun sértækra kennslugagna, svo sem hljóðbóka og annarra hjálpartækja.

Nemendur sem glíma við námslega, félagslega, hegðunarlega eða tilfinningalega erfiðleika eiga kost á mati og ráðgjöf frá sérkennurum, sálfræðingi eða öðrum sérfræðingum innan skólaþjónustunnar. Að loknu mati er unnið að því að finna viðeigandi stuðningsúrræði í samstarfi við nemandann, forsjáraðila, umsjónarkennara, skólastjórnendur og sérfræðinga eftir því sem við á.

Sumir nemendur þurfa sérhæft námsefni eða einstaklingsbundið skipulag náms. Í slíkum tilvikum er námið aðlagað að þroska, getu og þörfum nemandans og skapaðir kennsluhættir og námsaðstæður sem styðja við árangursríka þátttöku í skólastarfi. Þetta getur falið í sér frávik frá hefðbundinni stundaskrá árgangsins. Nemandi heldur þó ávallt tengslum við sinn árgang og umsjónarkennara.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Fyrir nemendur sem njóta verulegrar námsaðlögunar eða sértæks stuðnings er gerð einstaklingsáætlun þar sem markmið, leiðir og stuðningsúrræði eru skilgreind. Áætlunin er endurskoðuð reglulega í samstarfi við þá aðila sem að málinu koma.
Í sumum tilvikum nýtur nemandi stuðnings stuðningsfulltrúa eða kennara, ýmist innan eða utan bekkjar. Markmið slíks stuðnings er að efla sjálfstæði, þátttöku og vellíðan nemandans og skapa honum sem bestar aðstæður til náms og samskipta við jafnaldra sína.

Teymi

Teymi eru stofnuð vegna nemenda sem hafa fötlun, greiningar eða aðrar þarfir sem kalla á náið samstarf og samráð margra aðila. Markmið teymisstarfs er að samræma stuðning, tryggja heildstæða sýn á málefni nemandans og stuðla að farsælli skólagöngu hans.
Tengiliður farsældar ber ábyrgð á stofnun teymis. Við stofnun þess er tilnefndur umsjónarmaður teymisins sem ber ábyrgð á skipulagi og framvindu teymisstarfsins, þar á meðal að boða til funda, halda utan um framkvæmd ákvarðana og tryggja eftirfylgni. Umsjónarmaður getur verið umsjónarkennari, stoðkennari, sérkennari, deildarstjóri eða aðstoðarskólastjóri, eftir eðli máls og þörfum nemandans.
Í teymum geta eftir atvikum setið umsjónarkennari, stoðkennari, sérkennari, deildarstjóri, aðstoðarskólastjóri, skólastjóri, náms- og starfsráðgjafi, skólasálfræðingur, skólahjúkrunarfræðingur, kennsluráðgjafi frá menntasviði Kópavogsbæjar og aðrir sérfræðingar eða samstarfsaðilar sem tengjast málefnum nemandans. Forsjáraðilar eru mikilvægir samstarfsaðilar og taka þátt í teymisstarfi eftir því sem við á.
Mikilvægt er að fundargerðir teymisfunda séu skráðar og varðveittar með öruggum hætti í samræmi við gildandi reglur um persónuvernd og meðferð trúnaðargagna. Fundargerðir skulu vistaðar í persónumöppu nemandans og/eða í One Systems þegar við á, þannig að þær séu aðgengilegar þeim aðilum sem koma að málefnum nemandans og hafa heimild til aðgangs.
Að jafnaði starfar teymi á meðan þörf er á samhæfðu samstarfi vegna nemandans, oft allan þann tíma sem hann stundar nám í grunnskóla. Ef ákveðið er að leggja niður teymi skal sú ákvörðun skráð og rökstudd, auk þess sem tryggt skal að viðeigandi eftirfylgni og ábyrgð færist til þeirra aðila sem áfram sinna málefnum nemandans.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Ákvörðun um sérúrræði

Við úthlutun úrræða, svo sem sérkennslu og stuðningsfulltrúa, liggja fyrir beiðnir frá umsjónarkennurum ásamt rökstuðningi og faglegu mati á þörfum nemenda. Aðstoðarskólastjóri og/eða deildarstjóri fara yfir beiðnirnar á vorönn og meta þörf fyrir stuðning með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum, niðurstöðum prófa, athugunum og öðrum upplýsingum um stöðu nemandans.

Við matið er ákveðið hvort sérkennsla, stoðkennsla eða stuðningur stuðningsfulltrúa henti best hverju sinni. Yfir skólaárið fara lausnarteymi reglulega yfir stöðu nemenda og endurskoða stuðningsúrræði eftir þörfum. Nemendur geta til dæmis lokið sérkennslu þegar markmiðum hefur verið náð, jafnframt því sem nýir nemendur geta fengið aðgang að úrræðunum ef þörf er talin á. Einnig getur verið nauðsynlegt að endurskipuleggja verkefni og starf stuðningsfulltrúa í samræmi við breyttar þarfir nemenda.

Forsjáraðilar eru ávallt hafðir með í ráðum þegar ákvörðun er tekin um sérstök stuðningsúrræði eða annan stuðning fyrir börn þeirra.

11.Upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf

Félagsmiðstöðin Kúlan er staðsett í Kóraskóla, Vallarkór 12. Hlutverk félagsmiðstöðva er að stuðla að jákvæðum þroska unglinga og gera þau sjálfstæðari, bæði í verki og félagslegum samskiptum og gera þau hæfari til að takast á við lífið. Í starfi félagsmiðstöðva er lögð áhersla á gildi forvarna, sköpunar og mismunandi tegunda náms. Þangað geta ungmenni komið og fengið að finna sig á sínum eigin forsendum í umhverfi sem leggur ekki á þau fyrirfram mótaðar kröfur. Starfsmenn félagsmiðstöðva tryggja að starfið sé faglegt og taki mið af uppeldisgildum frítímans t.d. með klúbbastarfi, fræðslustarfi og öðru skipulögðu starfi.

Opið - skólatími
Mánudaga kl.12:00-13:00
Þriðjudaga kl.9:50 -10:10 og 12:00 – 13:00
Miðvikudaga kl. 9:50 -10:10 og 12:00 – 13:00
Fimmtudaga kl. 9:50 -10:10 og 12:00 – 13:00
Og svo eftir viðverutíma forstöðumanns og starfsfólks.

Opið – síðdegi/kvöld
Mánudaga kl. 17:00-18:30 og 19:30-22:00
Miðvikudaga kl. 19:30 – 22:00

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Föstudaga 19:30 -22:45

Samskiptaleiðir
Sími: 441-4417/696-1631
Að ná í starfsmann á opnunartíma 618 -6663
Netfang: kulan@kopavogur.is
https://www.instagram.com/felagsmidstodin_kulan/

Starfsmenn
Sindri Már Ágústsson forstöðumaður, í fæðingarorlofi
Ólöf Helga Hilmarsdóttir forstöðumaður
Viktor Abdullah Fikrason aðstoðarforstöðumaður

Hrefna Lind Pálmadóttir
Stefán Valþórsson
Ellert Sigurðarson
Tinna Guðrún Jóhannsdóttir
Ragnheiður Stefánsdóttir

Fastir viðburðir í félagsstarfi Kóraskóla fara meðal annars fram á uppbrotsdögum yfir skólaárið. Má þar nefna útivistardag, vináttu- og hópeflisverkefni í tengslum við Baráttudag gegn einelti 8. nóvember, íþróttamót, skreytingadag, árshátíðarviku og vordaga. Á þessum dögum er lögð áhersla á að blanda nemendum saman þvert á árganga, efla samskipti þeirra og stuðla að jákvæðum skólabrag og samkennd.

Í samstarfi við félagsmiðstöðina Kúluna eru jafnframt haldnir fastir viðburðir á hverju skólaári, svo sem jólabingó og árshátíð, sem fara fram utan hefðbundins skólatíma. Markmið þessara viðburða er að efla félagsfærni, samveru og þátttöku nemenda í skólasamfélaginu.

Félagsmiðstöðin Kúlan stendur einnig fyrir fjölbreyttum viðburðum og verkefnum í samstarfi við aðrar félagsmiðstöðvar í Kópavogi. Þar gefst nemendum tækifæri til að taka þátt í sameiginlegum viðburðum, keppnum og menningarstarfi. Auk þess taka nemendur þátt í stærri viðburðum á vegum Samfés og annarra samstarfsaðila eftir því sem við á.

12.Símenntunaráætlun

Á skólaárinu 2026-2027 verður meginähersla lögð á innleiðingu nýs talnamatskvarða í Kóraskóla með það að markmiði að styrkja námsmat, auka skýrleika í upplýsingagjöf til nemenda og forsjáraðila og tryggja samræmda framkvæmd námsmats í öllum árgöngum

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

skólans. Jafnframt verður áfram unnið markvisst að því að þróa námsmat þannig að það styðji sem best við nám og framfarir nemenda. Einnig verður lögð sérstök áhersla á að viðhalda og efla jákvæðan skólabrag, skýrar skólareglur og farsælt námsumhverfi. Unnið verður í samræmi við gildandi reglur og verklag um notkun snjalltækja í grunnskólum með það að markmiði að stuðla að aukinni einbeitingu, virkri þátttöku í námi og jákvæðum samskiptum nemenda. Áfram verður lögð áhersla á gagnkvæma virðingu, ábyrga hegðun og góða umgengni um húsnæði og eigur skólans.

Kóraskóli vinnur markvisst að því að móta og styrkja eigin skólamenningu og stefnu í samstarfi við nemendur, forsjáraðila og starfsfólk. Lögð verður áhersla á virk samtöl um gildi skólans, kennsluhætti, námsumhverfi og framtíðarsýn, með það að markmiði að skapa sameiginlegan skilning og sterka faglega heild.

Starfsþróun og símenntun starfsfólks er einn af hornsteinum skólastarfsins. Reglulegir kennarafundir, samstarf árgangateyma, fagleg samtöl og miðlun reynslu verða nýtt til að efla fagmennsku og samræma starfshætti. Mánaðarleg starfsþróun á fundatíma og fræðsla á starfsdögum verða áfram mikilvægir þættir í faglegri þróun starfsfólks. Unnið er að gerð heildstæðrar símenntunaráætlunar fyrir skólann sem tekur mið af stefnu Kópavogsbæjar, markmiðum Kóraskóla og þörfum starfsfólks. Áætlunin verður kynnt og þróuð í samráði við starfsfólk eftir því sem vinnu hennar miðar áfram.

Skólaárið 2026-2027 er ár, samvinnu og faglegs vaxtar með það að leiðarljósi að efla nám, vellíðan og árangur allra nemenda Kóraskóla.

13.Rýmingaráætlun og viðbrögð við vá

Við hættuástand getur reynst nauðsynlegt að rýma skólann með skjótum og öruggum hætti. Mikilvægt er að starfsfólk og nemendur þekki viðbragðsáætlanir skólans og hafi æft viðbrögð reglulega þannig að þau verði markviss og örugg þegar á reynir.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Kynning á öryggis- og rýmingaráætlunum fer fram fyrir starfsfólk í upphafi hvers skólaárs með yfirferð verklags og öryggishandbókar skólans. Nemendur fá jafnframt fræðslu um rýmingarleiðir og viðbrögð við hættuástandi í tengslum við rýmingaræfingar.

Rýmingaræfing skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á hverju skólaári og henni skal lokið eigi síðar en 15. október. Markmið æfinganna er að:

- auka öryggi nemenda og starfsfólks,
- tryggja að allir þekki viðvörunarmerki, rýmingarleiðir og samkomustaði,
- þjálfa skipulögð og fumlaus viðbrögð við hættuástandi,
- draga úr hættu á slysum og troðningi við rýmingu.

Útskýrt er fyrir nemendum að ef viðvörunarbjalla hringir stuttlega og þagnar án þess að fara aftur í gang sé um forviðvörun, bilun eða rangt boð að ræða. Ef bjallan fer aftur af stað og stöðvast ekki skal rýma húsnæðið tafarlaust samkvæmt rýmingaráætlun skólans.

Í upphafi skólaárs fer hver kennari yfir rýmingarleiðir og samkomustað með sínum nemendum. Við rýmingu fara þeir hópar fyrst út sem næstir eru viðkomandi útgönguleið. Ef aðstæður leyfa mega nemendur fara í úlpur og skó áður en farið er út, en ekki skal tefja rýmingu vegna þess.

Hver nemendahópur safnast saman á fyrirfram ákveðnum samkomustað þar sem tekið er manntal og veittar frekari upplýsingar. Samkomustaðir eru valdir þannig að þeir trufli ekki störf eða aðkomu viðbragðsaðila.

Framkvæmd rýmingar

Þegar neyðarboð berst fá stjórnendur og umsjónarmaður húsnæðis upplýsingar um staðsetningu þess og kanna upptök boðsins eins fljótt og kostur er. Teljist hætta vera fyrir hendi er viðvörunarkerfið virkjað og byggingin rýmd tafarlaust.

Í hverju kennslurými eru nemendalistar ásamt grænum og rauðum merkjaspjöldum. Kennari tekur þessi gögn með sér við rýmingu, stýrir nemendum út um öruggustu leið og tekur manntal á samkomustað.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Skólastjóri eða staðgengill hefur yfirsýn yfir rýminguna og heldur utan um upplýsingar frá kennurum. Grænt spjald sýnir að allir hafi skilað sér á samkomustað en rautt spjald að einhvern vanti. Slíkar upplýsingar skulu berast stjórnendum og viðbragðsaðilum tafarlaust.

Rýming skal ávallt fara fram með ró og festu. Nemendur og starfsfólk skulu halda sig á samkomustað þar til stjórnendur eða viðbragðsaðilar gefa skýr fyrirmæli um að hættuástandi eða æfingu sé lokið.

Ef um raunverulegt hættuástand er að ræða skulu eigur skildar eftir og farið tafarlaust að næsta örugga útgangi. Öryggi fólks gengur ávallt framar eignum.

Við ófyrirséðar aðstæður skulu starfsmenna beita faglegri dómgreind í samræmi við gildandi rýmingaráætlun með öryggi nemenda og starfsfólks að leiðarljósi.

Veikindafaraldrar

http://www.landlaeknir.is/smit-og-sottvarnir/

Óveður

http://www.shs.is/shs/is/almannavarnir/roskun_a_skolastarfi/

Viðbrögð við eldgosum

https://www.almannavarnir.is/natturuva/eldgos/vidbrogd/

Viðbrögð við jarðskjálftum

https://www.almannavarnir.is/natturuva/jardskjalftar/vidbrogd-vid-jardskjalfta/

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Mikilvægt er að forsjáraðilar fylgist vel með veðurspám og aðstæðum hverju sinni og taki ákvarðanir um ferðir barna sinna í samræmi við þær. Veður getur breyst hratt og aðstæður verið mjög mismunandi milli hverfa og svæða, jafnvel innan sama sveitarfélags.
Forsjáraðilar bera ábyrgð á því að meta hvort óhætt sé fyrir barn að sækja skóla hverju sinni, jafnvel þótt ekki hafi verið gefnar út sérstakar tilkynningar frá yfirvöldum eða skólanum. Telji forsjáraðilar að aðstæður séu þess eðlis að barn þeirra geti ekki sótt skóla með öruggum hætti, skulu þeir tilkynna skólanum um forföllin. Slík forföll eru metin sem eðlileg forföll vegna veðurs.
Hið sama gildir ef forsjáraðilar lenda í ófyrirséðum erfiðleikum á leið til skóla, svo sem vegna ófærðar, samgöngutruflana eða annarra aðstæðna sem gera þeim ókleift að koma barni sínu örugglega til skóla.

Mikilvægt er að enginn leggi af stað í skóla eða til vinnu nema tryggt sé að ferðin geti farið fram með öruggum hætti. Fólk skal ekki leggja af stað ef það treystir sér ekki til ferðar eða ef búnaður þess, svo sem bifreið eða annar ferðamáti, er ekki fullnægjandi miðað við aðstæður. Öryggi nemenda, forsjáraðila og starfsfólks skal ávallt vera í fyrirrúmi.

14.Skólaakstur og skólamáltíðir

Skólaakstur

Nemendum er ekið í sund við sundlaugina við Salaskóla og aftur tilbaka til Kóraskóla.Umsjón með akstri er rútufyrirtækið Teitur sem er með samning í við Kópavogsbæ. Ritari skólans, ásamt stjórnendum hafa umsjón með tímatöflum og eru í samskiptum við fyrirtækið eftir þörfum.

Mötuneyti

Matreiðslumaður Kóraskóla er Milica Andrea Stojanovic. Í mötuneyti skólans starfa tveir starfsmenn í samtals tæpum tveimur stöðugildum. Hádegismatur fyrir nemendur er eldaður í eldhúsi skólans, sem jafnframt er nýtt af HK samkvæmt samkomulagi.
Matseðlar skólans taka mið af opinberum ráðleggingum um hollt og næringarríkt mataræði fyrir börn og ungmenni. Lögð er áhersla á fjölbreytt, hollt og vel samsett fæði og jafnframt er boðið upp á grænmetisfæði fyrir þá sem þess óska.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Forsjáraðilar skrá börn sín í hádegismat í gegnum þjónustugátt Kópavogsbæjar, Völu. Þar geta þeir jafnframt séð upplýsingar um skráningar, fylgst með stöðu mála og komið á framfæri upplýsingum um sérþarfir, svo sem ofnæmi, óþol eða aðrar matartengdar þarfir sem mikilvægt er að taka tillit til.

15. Annað sem varðar starfsemi skólans skólaárið 2026 -2027

Kóraskóli leggur áherslu á markvissa starfsþróun, faglegt samstarf og stöðuga umbótavinnu sem styður við sýn skólans um inngildandi skólastarf, öflugt lærdómssamfélag og fjölbreytta kennsluhætti. Starfsþróun skólans byggir á þeirri hugmynd að allir starfsmenn taki virkan þátt í að þróa starfshætti sína og efla þekkingu sína með það að markmiði að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda.

Vorið 2024 hlaut Kóraskóli styrk frá Rannís til þróunarverkefnisins „Teymiskennsla sem tæki til inngildingar“. Markmið verkefnisins er að efla teymiskennslu sem leið til að skapa sveigjanlegt og inngildandi námsumhverfi þar sem fjölbreyttum þörfum nemenda er mætt. Jafnframt er lögð áhersla á að samræma verklag milli árganga og tryggja að upplýsingar til forsjáraðila séu skýrar, aðgengilegar og samræmdar þvert á skólann.

Sem hluti af þróunarverkefninu hefur verið lögð rík áhersla á fræðslu og handleiðslu starfsfólks. Í upphafi skólaárs heimsótti Lee Ann Jung skólann og veitti starfsfólki fræðslu um inngildandi skólastarf. Þar var fjallað um hugmyndafræði inngildingar, leiðir til að efla þátttöku allra nemenda og mikilvægi þess að byggja upp námsumhverfi sem einkennist af virðingu, samvinnu og jöfnum tækifærum til náms.

Áfram verður unnið að innleiðingu og þróun teymiskennslu sem hluta af skólamenningu Kóraskóla. Styrkurinn verður nýttur til áframhaldandi starfsþróunar kennara og annars starfsfólks, með áherslu á inngildandi starfshætti, árangursríka teymisvinnu, jákvæða skólamenningu og uppbyggingu öflugra liðsheilda innan skólans.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026

Erasmus+ og alþjóðlegt samstarf

Kóraskóli tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi í gegnum Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins. Verkefnin styðja við markmið skólans um að efla alþjóðavitund, lýðræðislega þátttöku, menningarlæsi, sjálfbærni og fjölbreytta kennsluhætti.

Á skólaárinu 2026-2027 verður áfram unnið að þeim Erasmus+ verkefnum sem skólinn hefur tekið þátt í undanfarin ár. Markmiðið er að skapa nemendum og starfsfólki tækifæri til að læra af öðrum skólasamfélögum, miðla eigin reynslu og taka þátt í sameiginlegri þróun skólastarfs á alþjóðlegum vettvangi.
Fyrirhugað er að þrír nemendur og tveir kennarar taki þátt í verkefnaheimsókn til samstarfsskóla í Tyrklandi í október 2026. Á vormánuðum 2027 er jafnframt stefnt að heimsókn til Grikklands þar sem nemendur og starfsfólk munu vinna að sameiginlegum verkefnum með erlendum samstarfsaðilum. Einnig er vinnuferð kennara til Spánar og ferð kennara og nemenda til Spánar í apríl.

Auk nemendaheimsókna felur Erasmus+ samstarfið í sér fjölbreytt tækifæri til starfsþróunar. Starfsfólk tekur þátt í námskeiðum, vinnustofum, ráðstefnum og skuggun (e. job shadowing) hjá erlendum samstarfsskólum. Slíkt samstarf stuðlar að aukinni fagþekkingu, nýjum sjónarhornum á kennslu og námið og styrkir faglegt lærdómssamfélag skólans.
Með þátttöku í Erasmus+ verkefnum gefst nemendum og starfsfólki kostur á að kynnast ólíkum menningarheimum, tungumálum og starfsháttum. Reynslan sem skapast í gegnum samstarfið nýtist til áframhaldandi þróunar skólastarfs og styður við framtíðarsýn Kóraskóla um að vera inngildandi, framsækinn og lærdómsmiðaður skóli þar sem allir fá tækifæri til að vaxa og dafna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 24.11.2026